



KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

KKÍ · Icelandic Basketball Association

KKÍ
Laugardalur Sport Center
Engjavegur 6, 2nd floor
104 Reykjavík, Iceland
+354 514-4100
kki@kki.is

23. Stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2023-2025

Mánudagur 9. desember 2024 kl. 17:00

Mætt til fundar: Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (GNE) formaður sem stýrir fundi, Birna Lárusdóttir varaformaður (BL), Lárus Blöndal annar varaformaður (LB), Heiðrún Kristmundsdóttir (HK), Herbert Arnarson (HA), Einar Hannesson (EH), Jón Bender (JB) og Ágúst Angantýsson (ÁA).

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn.

Arnar Guðjónsson afreksstjóri (AG) sat fundinn undir lið númer 2.

Harald Pétursson ráðgjafi (HP) sat fundinn undir lið 3.

Forföll boðaði: Guðrún Kristmundsdóttir gjaldkeri (GK).

HSJ ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Búið að samykkja hana og senda út.

2. Afreks- og landsliðsmál

HA ásamt AG fóru yfir nýjar reglur sem afreksnefnd hefur sett ef þjálfarar vilja taka yngri leikmann upp fyrir sig í yngri landslið. Einnig var farið yfir landsliðsgluggana hjá karla- og kvennalandsliðunum en bæði lið unnu einn leik og töpuðu einum. Næstu leikir verða hjá báðum liðum í febrúar.

3. Kynning á vinnu með AI vélar/tölfræði/leikgreiningu/OTT platform

HSJ fór stuttlega yfir þá vinnu sem hefur verið unninn undanfarið ár vegna ýmissa atriða tengt þessum fundarlið og svo fór HP sem hefur sinnt ráðgjafastörfum fyrir sambandið yfir kynningu á því sem hefur verið gert. Einnig fóru þeir yfir hvaða tækifæri eru í þessu málum. Miklar og góðar umræður um þessi atriði. Samþykkt að vinna málið áfram og að á næsta stjórnarfundu muni HSJ leggja fram fjárhagsáætlun fyrir verkefnið. Þessi vinna verður kynnt fyrir félögunum á formannafundi 25. janúar 2025.

4. Körfuknattleiksþing 15. mars 2025

Farið yfir ýmis atriði tengt þinginu og að stjórnarfolk sem er að ljúka sínu tímabili núna hugi að framhaldinu.

Ákveðið að að halda formannafund laugardaginn 25. janúar sem verður undirbúningsfundur fyrir þingið eins og hefur verið gert fyrir síðustu tvö þing. Þar verður farið yfir þau mál sem stjórn stefnir á að leggja fram á þinginu.

- 5. Önnur mál/til upplýsinga**
Enginn önnur mál til umræðu.

Næsti fundur mánudaginn 13. janúar 2024 kl. 17:00.

Fundi slitið 19:10